

**Skjal með lykilupplýsingum fyrir fjárfesta:** Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar fyrir fjárfesta varðandi þennan sjóð. Upplýsingarnar eru veittar samkvæmt lögum til að þú getir gert þér grein fyrir eðli sjóðsins og þeim áhættum sem honum tengjast. Þér er ráðlagt að kynna þér þær svo þú getir tekið upplýsta ákvörðun varðandi fjárfestingu.

## DNB Fund – Technology, smásöluflökkur A

DNB Fund - Technology, undirsjóður DNB Fund

ISIN: LU0302296495  
DNB Asset Management S.A.

### Markmið og fjárfestingarstefna

**Markmið** Hámarks arðsemi fjárfestingar til langtíma án óþarfrar áhættu.

**Verðbræfaeignasafn** Við eðlilegar markaðsaðstæður fjárfestir sjóðurinn einkum í hlutabréfum tækni-, miðlunar- og fjarskiptafyrirtækja út um allan heim.

**Fjárfestingarferli** Fjárfestingastjórnin nýtir sína eigin greiningu til að bera kennsl á hlutabréf sem hann telur líklegust til að hækka í virði með tímanum án tillits til lands eða vísitalna.

**Viðmið** Custom TMT (vísitölur: 66% MSCI Technology, 12% MSCI Media, 22% MSCI Telecom). Sjóðsstjóri undirsjóðsins hefur vald til að taka fjárfestingaákvörðanir án tillits til viðmiðs.

**Gjaldmiðill verðbréfasafns** EUR

**Samþykktur gjaldmiðill** EUR, NOK, SEK

**Viðskipti** Skipst er á einingum sjóðsins á hverjum virkum degi bæði í Lúxemborg og á upprunalega markaði sjóðsins. Kaupbeiðnir, umreiknanir eða sölubeiðnir sem berast miðstjórninni fyrir kl. 20:00 CET verða meðhöndlaðar á næsta virka degi. Sjóðurinn gefur aðeins út uppsafnaðar einingar (einingar þar sem hagnaði er bætt við einingagildið).

**Hentar** Fjárfestum sem kunna að meta mikla fjárfestingaráhættu.

**Ráðlegging** Þessi sjóður hentar jafnvel ekki þeim fjárfestum sem ætla sér að taka út peninga sína innan fimm ára.

#### Fjárfestingarhugtök til frekari skilnings

**Hlutabréf** Verðbréf sem tákna eignarhlut í fyrirtæki.

**Viðmið** Vegið meðaltal af dæmigerðum hlutabréfum í kauphöll sem gerir eftirfylgni á markaðsvirði með tímanum kleift.

### Áhætta og árangur

◀ Minni áhætta ..... Meiri áhætta ▶

Yfirleitt minni ávinningur

Yfirleitt meiri ávinningur

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Virði fjárfestingar í sjóðnum getur farið upp og niður. Þegar þú selur einingar þínar gætu þær verið lægri í virði en það sem þú borgaðir fyrir þær. Ef gjaldmiðill þinn sem fjárfestir er annar en samþykktur gjaldmiðill sjóðsins geta breytingar á gengi minnkað hagnað eða aukið tap.

Áhættu/hagnaðarmat að ofan er áætlun. Það er ekki hægt að ábyrgjast það. Matið er byggt á meðallöngu flökti (hve skarplega hlutafjávirði sjóðsins hefur nýlega farið upp og niður, venjulega nokkur ár). Þegar lengra líður gæti raunflökt sjóðsins reynst meira eða minna og áhættu/hagnaðarmat gæti breyst. Mat upp á 1 gefur ekki áhættulausa fjárfestingu til kynna.

Áhættustig sjóðsins endurspeglar eftirfarandi þætti:

- Sjóðurinn takmarkar fjárfestingar við ákveðið landfræðileg svæði sem einkennast af minna þróuðum mörkuðum með meiri áhættu.
- Sjóðurinn fjárfestir einkum í minni fyrirtækjum hvers gengi hlutabréfa hafa tilhneigingu til að flökta meira en þau sem tilheyra stærri, eldri fyrirtækjum.

Matið endurspeglar að auki ekki möguleg áhrif óvenjulegra markaðsaðstæðna eða stórra, ófyrirsjáanlegra atburða. Slíkt gæti leitt til stærra taps eða flökts en matið gefur til kynna. Eftirfarandi áhætta (talin upp handahófskennt) gæti einkum aukist á meðan óvenjulega aðstæðurnar vara:

**Áhættusamþjöppun** Að því marki að sjóðurinn fjárfestir mikið í fyrirtæki, iðnaði eða landi sem verður fyrir miklum áhrifum af hinum fjandsamlega atburði gæti hlutafjávirði hans fallið.

**Greiðsluhæfisáhætta** Erfitt gæti verið að meta ákveðin hlutabréf, eða selja, á ákveðnum tíma eða á því verði sem kosið er.

**Áhættustjórnun** Aðferðir við stýringu verðbréfasafns sem virkað hafa vel við eðlilegar markaðsaðstæður gætu reynst gagnslausar eða skaðlegar við óvenjulegar aðstæður.

# DNB Fund – Technology, smásöluflökkur A


DNB Fund - Technology, undirsjóður DNB Fund

## Póknanir

Póknanir sem þú greiðir eru notaðar til að standa straum af rekstrarkostnaði sjóðsins, þ.m.t. kostnaði við markaðssetningu og dreifingu. Slíkar póknanir draga úr mögulegum vexti fjárfestingarinnar.

Eingreiðsla á gjöldum annaðhvort áður eða eftir að þú fjárfestir.	
<b>Upphafspóknun</b>	5,00%
<b>Lokaþóknun</b>	0,00%
Póknanir sem eru teknar úr sjóðnum á ári	
<b>Núverandi póknanir</b>	2,42%
Póknanir sem eru teknar úr sjóðnum við tilteknar sérstakar aðstæður	
<b>Árangursþóknun</b>	0.83%

## Afkoma



Sýndar eru hámarksupphæðir upphafs- og lokaþóknana. Þetta er hámark sem verður tekið af fé þínu. Í einstaka tilvikum borgar þú mögulega minna – þú færð frekari upplýsingar.

Árangursþóknun er reiknuð með 20% af áunninni umfram ávöxtun í tengslum við viðmiðunarvísitölu sjóðsins. Á síðasta fjárhagsári sjóðsins var árangursþóknunin 0,83% af sjóðnum.

Vægið í samsettu vísitölu er stíllt á 66% af MSCI Technology, 12% af MSCI Media og 22% af MSCI Telecom frá og með 31.03.2010.

Fyrri árangur er ekki leiðbeinandi varðandi framtíðarárangur. Talan fyrir tiltekið ár sýnir hve mikið sjóðurinn hefur hækkað eða lækkað í virði það ár. Þessi árangur endurspeglar viðvarandi gjöld sem sjóðurinn greiðir en endurspeglar ekki hvaða færslugjöld sem þú gætir þurft að greiða.

Árangur sjóðsins er reiknaður út í EUR.

Sjóðurinn var stofnaður árið 2007.

## Hagnýtar upplýsingar

**Vörsluáðili:** CACEIS Bank Luxembourg S.A. er vörsluáðili þessa sjóðs.

**Nánari upplýsingar:** Ekki er víst að þetta Lykilupplýsingaskjal fyrir fjárfesta innihaldi allar þær upplýsingar sem þú þarfnast. Hið opinbera kynningarrit sjóðsins og ársskýrslurnar eru fáanlegar að kostnaðarlausu á ensku á heimasíðunni [www.dnb.no/lu/funds.html](http://www.dnb.no/lu/funds.html) og útprentaðar sé þess farið á leit frá: DNB Asset Management S.A., 5, Allée Scheffer, L-2520 Luxembourg, sími +352 45 49 45 1. Hafðu samband við fjármálaráðgjafa þinn fyrir frekari upplýsingar.

**Hagnýtar upplýsingar:** Við reiknum daglega virði þessa sjóðs. Verðin eru fáanleg á [www.dnb.no/lu/en/funds.html](http://www.dnb.no/lu/en/funds.html).

**Skattalög:** Sjóðurinn gæti verið látinn sæta ákveðinni skattmeðferð í Stórhertogadæminu Lúxemborg. Það gæti haft áhrif á fjárfestingu þína en það ræðst af búsetulandi þínu.

**Fyrirvari varðandi skaðabótaskyldu:** DNB Asset Management S.A. er aðeins skaðabótaskyld ef fullyrðing í skjali þessu er villandi, röng eða ekki samkvæm viðeigandi köflum kynningarbæklingssjóðsins.

**Upplýsingar um sjóðinn:** Þessi sjóður er undirsjóður DNB Funds ("regnhlífarsjóðurinn"). Einingum má í mörgum tilfellum skipta fyrir einingar í öðrum undirsjóðum DNB-Funds. Upplýsingar má finna í "Umreiknings"-hluta kynningarritsins vegna verðbréfaútgáfu. Hinir mismunandi undirsjóðir eru ekki ábyrgir fyrir hver öðrum sem þýðir að aðeins tap og gróði í sjóðnum sem þú hefur fjárfest í er þér viðkomandi. Kynningarritið og ársskýrslurnar vísa til allra undirsjóða regnhlífarsjóðsins.

Þetta skjal inniheldur einungis grunnupplýsingar um sjóðinn. Skoðuðu kynningarritið til að fá frekari upplýsingar. Upplýsingar um eignarhald sjóðsins er lýst í nýjustu ársskýrslu sjóðsins.

Þessar lykilupplýsingar eru uppfærðar og réttar miðað við 15. janúar 2016.